FÓÐURBLANDAN

...gæði í hverri gjöf!

# SÁÐVÖRUR & HEYVERKUN 2024

Hágæða yrki sérvalin í samstarfi við íslenska bændur og sérfræðinga



Skannaðu QR kóðann með myndavélinni í símanum þínum til að sækja **VERÐLISTANN** í símann.



# BYGG, HAFRAR, HVEITI OG RÚGUR

| Vörunr. | BYGG, HAFRAR, HVEITI OG RÚGUR | Yrki | Magn kg. | Kg/ha | Kílóverð án vsk. | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2023010 | **2ja raða** | **Filippa** | **25** | **180 - 200** | 162 | 4.050 |
| | *Tiltölulega seinþroska. Þolir súra jörð. Á best heima í framræstum mýrum sunnanlands en hentar ekki norðanlands. Filippa ber stórt og gefur oft ágæta uppskeru.* | | | | | |
| 2022510<br>2022516<br>2022517 | **2ja raða** | **Kría** | **25**<br>**600**<br>**700** | **180 - 200** | 162<br>162<br>162 | 4.050<br>97.200<br>113.400 |
| | *Miðlungi fljótþroska. Kría hentar vel til notkunar víða um land síst þó á austanverðu Norðurlandi. Víðast er Kría valin vegna öryggis. Þó er það gert á mismunandi forsendum eftir landshlutum. Norðanlands stendur Kría betur en sexraða yrkin og þar má láta hana standa fram eftir hausti.* | | | | | |
| 2023056<br>2023055 | **6 raða** | **Mainio** | **30**<br>**700** | **190 - 215** | 163<br>163 | 4.890<br>114.100 |
| | *Fljótþroska, nokkuð hávaxið og sterkt strá, sem hefur reynst nokkuð vel í okkar tilraunum og í ræktun. Þoldi vel haustvindana árið 2022. Tók við af Aukusti yrkinu.* | | | | | |
| 2023049<br>2023048<br>2023060 | **6 raða** | **Smyrill** | **25**<br>**700**<br>**600** | **190 - 215** | 168<br>168<br>168 | 4.200<br>117.600<br>100.800 |
| | *Yrki úr kynbótum LBHÍ. Hefur staðið sig vel í íslenskum korntilraunum. Í uppgjöri fyrir árin 1996-2016 er Smyrill þriðja uppskerumesta sexraða yrkið og það þurrefnisríkasta, ef frá eru taldir nokkrir tilraunareitir.* | | | | | |
| 2023058<br>2023057 | **6 raða** | **Onerva NÝTT** | **30**<br>**700** | **190 - 215** | 163<br>163 | 4.890<br>114.100 |
| | *Finnskt yrki sem hefur verið prófað hjá LBHÍ. Með góðan strástyrk.* | | | | | |
| 2023036 | **6 raða** | **Brage** | **25** | **190 - 215** | 165 | 4.125 |
| | *Fljótþroska og gaf vel í tilraunum hjá LBHÍ.* | | | | | |
| 2022023 | **6 raða** | **Vilde** | **700** | **190 - 215** | 169 | 118.300 |
| | *Fremur fljótþroska, uppskerumikið og reynist í heildina vel. Veðurþolið er ekki til vansa. Sænskt yrki.* | | | | | |
| 2022020 | **6 raða** | **Judit** | **25** | **190 - 215** | 164 | 4.100 |
| | *Mikið reynt gamalt yrki, fljótþroska en gefur eftir í uppskeru. Getur farið illa í haustveðrum, sem gerir eftir að kornið er þroskað. Nær ekki nýjustu yrkjum í uppskerumagni. Judit er móttækileg fyrir sveppasjúkdómum.* | | | | | |
| 2023054 | **6 raða** | **Vertti** | **600** | **190 - 215** | 163 | 97.800 |
| | *Fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki. Hefur verið aðalyrkið í ræktun undanfarin ár.* | | | | | |
| 2011086<br>2011087 | **Hafrar til Þroska** | **Niklas** | **25**<br>**600** | **190 - 215** | 174<br>174 | 4.350<br>104.400 |
| | *Snemmþroska hafrar með hátt innihald betaglúkana og hentar vel til völsunar og manneldis.* | | | | | |
| 2011079 | **Hafrar til Þroska** | **Cilla** | **25** | **190 - 215** | 175 | 4.375 |
| | *Fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki. Hefur verið aðalyrkið í ræktun undanfarin ár.* | | | | | |
| 2013020 | **Vetrarrúgur** | **Reetta NÝTT** | **600** | **180 - 200** | 177 | 106.200 |
| | *Hálmmikið, vetrarþolið og uppskerumikið yrki. Prufað af LBHÍ.* | | | | | |
| 2011090 | **Vorhveiti** | **Helmi NÝTT** | **600** | **180 - 200** | 192 | 115.200 |
| | *Hefur reynst vel hjá Finnum. Snemmþroska.* | | | | | |
| 2011090 | **Vetrarhveiti** | **Ceylon NÝTT** | **600** | **180 - 200** | 180 | 108.000 |
| | *Vetrarhveiti með gott vetrarþol.* | | | | | |

# GRASFRÆ

## SÁÐVARA TIL TÚNRÆKTAR

Öll grös virðast eins séð úr fjarska, en þegar betur er að gáð sést að mikill munur er á þeim. Sum grasfræyrki gefa mikla uppskeru og önnur minni uppskeru. Í ræktunarferlinu er fóðuruppskera mæld með því að nota uppskeruvélar fyrir tún og er eitt tún slegið í einu og fóðrið mælt nákvæmlega til að auðkenna snemmsprottin afbrigði, sérstaklega fyrir lönd þar sem vaxtartíminn er stuttur. Að slætti loknum er farið með grassýni á rannsóknarstofu til að mæla þurrefnisinnihald, meltanleika, sykurmagn og trefjar.

## ÞAULREYNDAR OG GÓÐAR GRASFRÆBLÖNDUR

Grasfræblöndur Fóðurblöndunnar eru þróaðar í samráði við bændur, ráðunauta og helstu sérfræðinga. Tekið er mið af hverju landsvæði fyrir sig. Mjög er vandað til samsetningar yrkja sem þurfa að vera í réttu hlutfalli í blöndunum. Endurræktun túna er mjög mikilvægur þáttur til að skipta um gróður í túninu og breyta vaxtarskilyrðum þannig að túnið skili meira og betra fóðri eftir endurvinnsluna en áður.

## VALLARSVEIFGRAS

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það hefur verið í mörgum grasfræblöndum fyrir tún á undanförnum áratugum og einnig berst villt vallarsveifgras í tún frá umhverfinu. Það gefur góðan endurvöxt og er ágætt fóður, þó ekki eins lystugt og vallarfoxgras. Það er mjög harðgert en er ekki eins uppskerumikið og önnur túngrös.

## VALLARFOXGRAS

Vallarfoxgras er mjög gott og lystugt fóðurgras og gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en lakari endurvöxt. Ágætlega svell- og kuldaþolið, þolir síður að vera slegið snemma. Er ekki þurrkþolið.

Tenho og Tuukka hafa reynst vel hér á landi. Þar sem vallarfoxgras er stærstur hluti af fæðu búfjár er afar mikilvægt að fjárfesta stöðugt í endurbættum afbrigðum.

Kom vel út úr uppskeru tilraunum LBHÍ.

| Vörunr. | GRASFRÆ | Yrki | Magn kg. | Kg/ha | Kílóverð án vsk. | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000536 | **Grasfræblanda** | **Sígild** | **15** | **25 - 30** | 918 | 13.770 |
| | *Góð svörun í endurræktinni. Úrval vallarfoxyrkja, ásamt fjölæru rýgresi. Ferlitna rýgresi gefur meiri uppskeru og byggir upp gott gróffóður með vallarfoxgrasinu. Harðgerð og vetrarþolin blanda.* | | | | | |
| 2000531 | **Grasfræblanda (Forsmituð)** | **Sígild smáragrasblanda NÝTT** | **15** | **25 - 30** | 929 | 13.935 |
| | *Góð svörun í endurræktinni. Úrval vallarfoxyrkja, ásamt fjölæru rýgresi, auk **40%** af rauð- og hvítsmára. Ferlitna rýgresi gefur meiri uppskeru og byggir upp gott gróffóður með vallarfoxgrasinu. Harðgerð og vetrarþolin blanda.* | | | | | |
| 2000537 | **Grasfræblanda** | **Beit & Heyfengur** | **15** | **25 - 30** | 919 | 13.785 |
| | *Söluhæsta grasfræblandan okkar undanfarin ár. Gefur góða beit og slátt með góðu fóðurgildi. Vallarfoxgras, sem er uppistaðan í blöndunni, er uppskerumikið en ekki skriðult. Vallarsveifgras er skriðul jurt, sem fyllir upp í opinn svörð og hóf- eða klaufaför eftir ágang og beit.* | | | | | |
| 2000538 | **Grasfræblanda** | **Heyfengur** | **15** | **25 - 30** | 989 | 14.835 |
| | *Eins og nafnið bendir til er þetta uppskerumikil blanda með 35 % innihald af hávingli. Hávingull er uppskerumikið yrki og gefur góðan endurvöxt, ásamt úrvals vallarfoxyrkjum. Góður endurvöxtur sem gefur góðan seinni slátt.* | | | | | |
| 2000535 | **Grasfræblanda** | **Vallarfox** | **15** | **25 - 30** | 899 | 13.485 |
| | *Sérstaklega hönnuð eftir ráðleggingum ráðunauta. Vallarfoxgras er uppskerumikið, með gott fóðurgildi og er afar lystug grastegund. Með því að blanda þessum vallarfoxyrkjum saman næst góður fjölbreytileiki.* | | | | | |
| 2000539 | **Grasfræblanda (Forsmituð)** | **Smáragrasblandan** | **15** | **25 - 30** | 1080 | 16.200 |
| | *Með smáraræktun fæst aukið prótein, en einnig aukin binding köfnunarefnis í jarðvegi og getur því minnkað þarfir fyrir N í áburði. Minni þörf fyrir aðkeypt prótein leiðir til meiri hagkvæmni á búinu. Gott samspil rauðsmára og hvítsmára gefur góða uppskeru, góðan endurvöxt og hvítsmárinn dreifir úr sér með jarðrenglum svo þekjan verður góð.* | | | | | |
| 2000609<br>2000614 | **Grasfræblanda** | **Landgræðslublanda** | **1**<br>**15** | **25 - 40** | 1490<br>1.490 | 1.490<br>22.350 |
| | *Grasfræblanda til landgræðslu. Blanda með túnvingli, vallarsveifgrasi og rýgresi. Notkunarsviðið er allt frá því að örva framvindu gróðurs á örfoka landi til þess að auka magn og gæði gróðurs. Við uppgræðslu þarf yfirleitt að nota fræ og áburð í sömu skömmtum og notaðir eru við uppgræðslu á gróðurlausu landi.* | | | | | |
| 2000621<br>2000622 | **Grasfræblanda** | **Garðablandan - húðuð** | **1**<br>**15** | **25 - 40** | 1.590<br>1.490 | 1.590<br>22.350 |
| | *Hentug blanda fyrir grasflatir, íþróttavelli og brautir golfvalla. Blandan þolir vel snöggan slátt. Gott að sá yfir á vorin til að viðhalda þéttri og þolinni gróðurþekju. Húðuð með náttúrulegum plöntuhormónum og köfnunarefni sem fellur vel niður í jarðveginn.* | | | | | |

| Vörunr. | GRASFRÆ | Yrki | Magn kg. | Kg/ha | Kílóverð án vsk. | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002032 | **Vallarfoxgras** | **Snorri** | **10** | **20 - 25** | 725 | 7.250 |
| | *Afrakstur samnorrænna kynbóta. Valdar plöntur héðan og úr nyrstu héruðum grannlandanna. Mjög vetraþolið, nokkuð uppskerumikið en gefur lakari endurvöxt en bestu yrkin.* | | | | | |
| 2002028 | **Vallarfoxgras** | **Engmo** | **25** | **20 - 25** | 780 | 19.500 |
| | *Norskt staðayrki. Vetrarþolið og gefur góða uppskeru í fyrri slætti en sprettur lítið eftir fyrsta slátt.* | | | | | |
| 2003046 | **Vallarfoxgras** | **Tuukka** | **25** | **20 - 25** | 890 | 22.250 |
| | *Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi. Vetrarþol gott en Finnar telja það með vetrarþolnari yrkjum við sínar aðstæður.* | | | | | |
| 2003047 | **Vallarfoxgras** | **Tenho** | **25** | **20 - 25** | 890 | 22.250 |
| | *Gaf heldur meiri uppskeru en Snorri í tilraunum hér á landi. Vetraþol þokkalegt.* | | | | | |
| 2002033 | **Vallarfoxgras** | **Rakel** | **10** | **20 - 25** | 755 | 7.550 |
| | *Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en minna vetrarþol en hjá þeim þolnustu.* | | | | | |
| 2003021 | **Vallarsveifgras** | **Kupol** | **20** | **20 - 25** | 1030 | 20.600 |
| | *Nýtt yrki, sem á að leysa af Sobra. Afar fíngert.* | | | | | |
| 2003030 | **Vallarsveifgras** | **Balin** | **25** | **20 - 25** | 910 | 22.750 |
| | *Þrautseigt vallarsveifgras sem hefur reynst vel. Þekur vel.* | | | | | |
| 2003019 | **Vallarsveifgras** | **Oxford** | **20** | **20 - 25** | 910 | 18.200 |
| | *Þrautseigt vallarsveifgras sem hefur reynst vel. Þekur vel.* | | | | | |
| 2003032 | **Vallarsveifgras** | **Baron** | **20** | **25 - 35** | 1030 | 20.600 |
| | *Yrki sem myndar þéttan svörð. Gott vetrarþol sem hefur lifað af kalda vetur í norður og austur Evrópu.* | | | | | |
| 2004014 | **Fjölært rýgresi** | **Bartasja** | **25** | **25 - 35** | 500 | 12.500 |
| | *Bartasja nýtir jarðvegsraka frá snjó og ís sem best. Þetta mun gefa góðan vorvöxt. Á svæðum með stuttan og hraðan vortíma er mælt með afkastamiklu afbrigði eins og Bartasja.* | | | | | |
| 2004015 | **Fjölært rýgresi** | **Mathilde** | **20** | **25 - 35** | 465 | 9.300 |
| | *Vetrarþolið og uppskerumikið. Gott að sá eitt og sér en líka með vallarfoxgrasi.* | | | | | |
| 2004020 | **Fjölært Rýgresi** | **Birger** | **20** | **25 - 35** | 500 | 10.000 |
| | *Hröð og góð spírun og hentar vel með öðrum grastegundum.* | | | | | |
| 2004012<br>2004013 | **Fjölært Rýgresi** | **Calibra** | **20**<br>**25** | **25 - 35** | 500<br>500 | 10.000<br>12.500 |
| | *Calibra er þekkt yrki fyrir sinn dökkgræna lit, fína áferð, gefur góða uppskeru og hentar bæði til sláttar og beitar. Calibra er fjölært rýgresi sem hefur sannað gildi sitt hjá okkar viðskiptavinum.* | | | | | |
| 2001021 | **Túnvingull** | **Barustic** | **15** | **25 - 30** | 660 | 9.900 |
| | *Gott harðgert yrki fyrir garðflatir og landgræðslu.* | | | | | |
| 2001022 | **Túnvingull** | **Gondolin** | **20** | **25 - 30** | 660 | 13.200 |
| | *Mjög þurrkþolinn og hentar því vel í sendinn jarðveg. Er ólystug tegund og er mest notuð í landgræðslu. Harðgerð grastegund, góð í að binda jarðveg og draga úr frostlyftingu til að gefa t.d. birki færi á að ná fótfestu.* | | | | | |
| 2004075 | **Hvítsmári (Forsmitaður)** | **Edith** | **10** | **7 - 11** | 2.090 | 20.900 |
| | *Gefur góða uppskeru og nokkuð gott vetrarþol.* | | | | | |
| 2004087 | **Rauðsmári (Forsmitaður)** | **Yngve (2n) NÝTT** | **10** | **12 - 14** | 1.720 | 17.200 |
| | *Tvílitna rauðsmári, endingargott og gefur góða uppskeru. Hefur gott vetrarþol.* | | | | | |
| 2004092 | **Smára dúet (Forsmitaður)** | **70% rauðsmári**<br>**30% hvítsmári** **NÝTT** | **10** | **12 - 14** | 1.800 | 18.000 |
| | *Rauðsmári (**Spurt** )og hvítsmári (**Beaumont**) blandaðir saman. Fræin eru húðuð með Yellow Jacket húðun, sem inniheldur köfnunarefni og baktreríusmit.* | | | | | |
| 2004084 | **Hávingull** | **Revansch** | **20** | **25 -30** | 940 | 18.800 |
| | *Uppskerumikið og vetrarþolið yrki.* | | | | | |
| 2005051 | **Hálmur** | **Strandreyr** | **10** | **15 - 20** | 1.380 | 13.800 |
| | *Strandreyr er fjölær planta og ræktaður vegna hálmsins. Endingargóð planta.* | | | | | |



Við áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur.

## SAMSETNING Á FRÆBLÖNDUM

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Beit og heyfengur** | Vallarfox<br>Tenho 45% | Vallarfox<br>Tuukka 40% | Vallarsveif<br>Baron 15% | | | | |
| **Heyfengur** | Vallarfox<br>Rakel 15% | Vallarfox<br>Tuukka 20% | Vallarfox<br>Tenho 30% | Hávingull<br>Barcrypto 35% | | | |
| **Sígild** | Vallarfox<br>Tuukka 30% | Vallarfox<br>Rakel 25% | Vallarfox<br>Tenho 30% | Fjölært rýgresi<br>Barkamaz 15% | | | |
| **Vallarfox** | Vallarfox<br>Tuukka 35% | Vallarfox<br>Tenho 40% | Vallarfox<br>Rakel 25% | | | | |
| **Landgræðslublanda** | Rýgresi<br>Barminton 20% | Túnvingull<br>Shaun 10% | Túnvingull<br>Barustic 40% | Vallarsveifgras<br>Barserati 30% | | | |
| **Garðablanda** | Fjölgrært rýgresi<br>Bareuro 15% | Túnvingull<br>Shaun 15% | Túnvingull<br>Bardiva 40% | Vallarsveifgras<br>Barserati 30% | | | |
| **Smáragrasblanda** | Vallarfox<br>Snorri 12% | Vallarfox<br>Rakel 48% | Rauðsmári<br>Yngve 15% | Rauðsmári<br>Peggy 11% | Hávingull<br>Revansch 5% | Vallarsveifgras<br>Kupol 5% | Hvítsmári<br>Hebe 5% |
| **Sígild smáragrasbland** | Vallarfox<br>Tuukka 25% | Vallarfox<br>Rakel 25% | Rauðsmári<br>Spurt 30% | Hvítsmári<br>Alice 10% | Fjölært rýgresi<br>Barkamaz 15% | | |
| **Smára dúet** | Rauðsmári<br>Spurt 70% | Hvítsmári<br>Beaumont 30% | | | | | |
| **Protaplus** | Vetrarrýgresi<br>Barmlutra II 60% | Logasmári<br>Blaza 30% | Persasmári<br>Lighting 10% | | | | |




# Sígild smáragrasblanda

### Ný smáragrasblanda - Meiri prótein uppskera - Hærra fóðurgildi

- Sígild smáragrasblanda inniheldur nú **40% smára**, meira en þekkist í öðrum blöndum hér á landi, ásamt vallarfoxgrasi og fjölæru rýgresi.
- Smárinn er mjög próteinríkur með háan meltanleika og er úrvals mjólkurkúafóður.
- Smári með Vallarfoxgrasi hefur einnig reynst mjög vel í uppskerutilraunum og gefur í raun meiri uppskeru en einungis vallarfoxgras.
- Blandan inniheldur blöndu af rauðsmára og hvítsmára sem vinnur vel saman, gefur mikla uppskeru og fyllir upp í svörð.
- Smárinn bindur köfnunarefni í jarðvegi og getur því minnkað þarfir fyrir N í áburði.
- Smárafræin eru forsmituð, svo ekki er þörf á að smita fræið sérstaklega.



# GRÆNFÓÐUR

## GRÆNFÓÐUR

Gott er að geta haft fjölbreytt heimagert fóður.
Ræktun grænfóðursjurta gefur gott næringarríkt gróffóður. Grænfóður má rækta eitt og sér í hreinrækt eða í blöndu með t.d. byggi eða höfrum sem heilsæði. Bjóðum upp á gott úrval af sumar- og vetrarrýgresi, sumarhöfrum og sumar- og vetrarrepju. Grænfóður er samheiti yfir jurtir af krossblómaætt og grasaætt sem notaðar eru sem fóður eða beit fyrir búfénað. Grænfóður hentar vel til nytaukningar hjá kúm og fyrir haustbeit lamba. Grænfóðurrækt er einnig æskilegur liður í endurræktun túna.

## SUMAR- OG VETRARRÝGRESI

Einært rýgresi, sáð snemma vors. Slegið sama sumar, venjulega tvisvar. Sprettur eftir slátt langt fram á haust og gefur þá góða haustbeit. Tvílitna rýgresi er þurrefnisríkara en það ferlitna og hentar því betur í rúlluverkun. Ferlitna rýrgresi er aftur á móti mun lystugra en það tvílitna og er eftirsóttara af beitarfénaði. Sumaryrki skríða sama sumar og búast til að þroska fræ. Gæta þarf þess að slá þau snemma og gefa þeim færi á að spretta aftur. Vetraryrki skríða yfirleitt lítið eða ekki, eru gerð til þess að lifa veturinn og skríða sumarið eftir. Hérlendis lifa þau ekki veturinn nema í undantekningartilvikum og má því telja þau sem einær. Þau spretta hægar en sumaryrkin, en halda líka meltanleikanum betur fram eftir sumri.

## FÓÐURMERGKÁL

Afar kröftugt og uppskerumikið í góðu sumri en sprettur seint og verður áfallasamt þegar illa árar. Sá þarf eins snemma og mögulegt er til að nýta sumarið.

## FÓÐURNÆPUR

Fóðurnæpa er vetrareinær káltegund sem myndar stóra forðarót að hluta til ofanjarðar á fyrsta ári. Fóðurnæpa gefur góða og næringaríka uppskeru.

## VETRARREPJA

Vetrarrepja er mikilvægasta fóðurjurtin sem ræktuð er hér á landi til haustbeitar bæði fyrir mjólkurkýr og sláturlömb. Hún er með hátt fóðrunarvirði og fóðurgildi á þeim tíma sem fjölær beitargróður er farinn að rýrna. Vetrarrepjan er oft votverkuð vegna þess hve orkurík hún er og með háan meltanleika. Hentar vel mjólkurkúm. Repjunni er einnig sáð í blöndu með næpu eða byggi í heilsæði.

## SUMARHAFRAR

Sumaryrki vaxa hraðar en vetraryrki fyrri hluta sumars, en tréna þegar kemur fram á haustið og standa sig venjulega betur en vetraryrki í samkeppni við illgresi. Sumaryrki þarf að slá snemma en vetraryrki mega bíða sláttar fram eftir sumri.

## ERTUR

Ertur eru einærar og henta vel sem grænfóður einkum í heilsæðisræktun með höfrum, byggi eða hveiti. Ertur eru góðar fóðurjurtir, prótein- og steinefnaríkar. Ertur, líkt og smárar, binda nitur/köfnunarefni úr andrúmslofti. Smita þarf fræið með þar til gerðu bakteríusmiti til að tryggja að plönturnar nái í niturbindandi Rhizobium bakteríur.

## FRÍR FLUTNINGUR EF PANTAÐ ER FYRIR 1. MAÍ 2024

Ef pöntuð eru 300 kg. eða meira.

Við erum með gott og öflugt flutningsnet sem flytur allar okkar vörur fljótt og örugglega heim á hlað til þín.




**Pantaðu fræ og áburð - því fyrr því betra**

**Rétti tíminn til að sá**

**Rétti tíminn til að bera á**

**Gott gróffóður gulli betra**

| Vörunr. | GRÆNFÓÐUR | Yrki | Magn kg. | Kg/ha | Vaxtad. | Kílóverð án vsk. | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2012015 | **Sumarrýgresi** | **Barspectra** | **25** | **30 - 40** | **50-60** | 540 | 13.500 |
| | *Sumarrýgresi, ferlitna gamalt yrki sem hefur reynst mjög vel hér á landi. Hávaxið og skríður snemma, góður endurvöxtur.* | | | | | | |
| 2013015 | **Vetrarrýgresi** | **Barmultra** | **25** | **30 - 40** | **70-100** | 540 | 13.500 |
| | *Vetrarrýgresi, ferlitna, blaðríkt, lágvaxið og skríður nánast ekkert. Þrautreynt hérlendis og mikið notað um árabil.* | | | | | | |
| 2011021 | **Sumarhafrar** | **Matty** | **600** | **180 - 200** | **75-110** | 160 | 96.000 |
| | *Gefur góða uppskeru í mismunandi jarðvegi. Langt strá en fremur sterkt. Eitt af mest ræktuðu yrkjum í Finnlandi. Samkvæmt finnskum tilraunum er vaxtatíminn einum degi fyrr miðað við Belinda, með heldur meiri uppskeru.* | | | | | | |
| 2015015 | **Vetrarrepja** | **Barcoli** | **25** | **8 - 10** | **90-120** | 600 | 15.000 |
| | *Uppskerumikil, þrautreynd hérlendis og hefur verið notuð lengi. Hefur ævinlega hlotið góða dóma í tilraunum.* | | | | | | |
| 2013017 | **Vetrarrepja** | **Ringo** | **25** | **8 - 10** | **90-120** | 600 | 15.000 |
| | *Heppileg til beitar vegna þess að hún sprettur ekki úr sér. Heldur sér vel fram á haust og mikið notuð til að beita lömbum og gefa nytháum kúm. Uppskerumikil og blaðrík.* | | | | | | |
| 2015020 | **Vetrarrepja** | **Barsica** | **25** | **8 - 10** | **90-120** | 630 | 15.750 |
| | *Uppskerumikil, þrautreynd hérlendis og hefur verið notuð lengi. Hefur ævinlega hlotið góða dóma í tilraunum.* | | | | | | |
| 2015025 | **Vetrarrepja** | **Hobson** | **25** | **8 - 10** | **90-120** | 725 | 18.125 |
| | *Blaðríkt yrki, hættir lítið til að blómstra. Þetta yrki hefur náð miklum vinsældum hérlendis síðustu ár.* | | | | | | |
| 2014021 | **Vetrarrepja** | **Diana NÝTT** | **10** | **8 - 10** | **90-120** | 630 | 6.300 |
| | *Uppskerumikið og próteinríkt. Mun leysa Barcoli af.* | | | | | | |
| 2014022 | **Vetrarrepja** | **Unicorn NÝTT** | **20** | **8 - 10** | **90-120** | 860 | 17.200 |
| | *Nýtt á lista, góð reynsla erlendis.* | | | | | | |
| 2115026 | **Vetrarrepja** | **Interval NÝTT** | **20** | **8 - 10** | **90-120** | 860 | 17.200 |
| | *Blaðríkt og uppskerumikið.* | | | | | | |
| 2016060 | **Fóðurnæpur** | **Samson** | **5** | **1,5 - 2,5** | **100-130** | 780 | 3.900 |
| | *Fóðurnæpa sem gefur góða og næringarríka uppskeru. Hefur reynst vel á Íslandi.* | | | | | | |
| 2016014 | **Fóðurmergkál** | **Grüner Angeliter** | **1** | **8 - 10** | **120-150** | 2580 | 2.580 |
| | *þrautreynt yrki og hefur verið notað hér um árabil.* | | | | | | |
| 2000600 | **Rýgresisblanda** | **Protaplus** | **15** | **30 - 40** | **70-120** | 760 | 11.400 |
| | *Protaplus er einært rýgresi með hraðsprotnum smára. Spennandi blanda sem hefur gefið góða raun í tilraunum í Evrópu þar á meðal Finnlandi og hér á landi. Þessi samblanda af yrkjum á að gefa hátt fóðurgildi, hátt prótein og mikinn lystugleika. Eina blandan sinnar tegundar á Íslandi.* | | | | | | |
| 2004100<br>2004097 | **Ertur** | **Ingrid** | **500**<br>**700** | **200-250** | **100-130** | 185<br>185 | 92.500<br>129.500 |
| | *Ingrid er uppskerumikil fóðurerta sem myndar gular baunir fullþroskuð. Ingrid er með sterkbyggðan og langan stöngul og ver sig ágætlega gegn illgresi vegna hæðarinnar.* | | | | | | |
| 2004099 | Bakteríusmit fyrir Ertur | | 100 gr. | | | | 3.930 |

| Vörunr. | GRÆNFÓÐUR | Yrki | Magn kg. | Kg/ha | Kílóverð án vsk. | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2015026 | **Iðnaðarhampur** | **Finola** | **25** | **30** | **2.736** | **68.420** |
| | Finola iðnaðarhampurinn er aðlagaður að ræktun á norðlægum slóðum. Blómin verða auðug af CBD samkvæmt rannsóknum og reynslu hérlendis. | | | | | |

# HEYVERKUN



| Vörunr. | Rúlluplast | | Breidd (cm) | Þykkt (µm) | Lengd (m) | Magn á bretti | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2501083 | Rúlluplast SILOTITE | SVART | 75 | 25 | 1500 | 40 | 14.800 |
| 2501085 | Rúlluplast SILOTITE | HVÍTT | 75 | 25 | 1500 | 40 | 14.990 |
| 2501086 | Rúlluplast SILOTITE | GRÆNT | 75 | 25 | 1500 | 40 | 14.990 |
| 2501088 | Rúlluplast PRO SILOTITE | HVÍTT | 75 | 20 | 2000 | 40 | 17.890 |
| 2501089 | Rúlluplast SILOTITE | HVÍTT | 50 | 25 | 1800 | 48 | 12.900 |
| 2501093 | Rúlluplast SILOTITE SUSTAIN | GRÁTT | 75 | 25 | 1500 | 40 | 14.990 |
| 2501095 | Rúlluplast SILOTITE PROFESSIONAL | GRÆNT | 75 | 25 | 1800 | 40 | 17.195 |
| | Rúlluplast SILOTITE SUSTAIN **NÝTT** | GRÆNT | 75 | 25 | 1800 | 40 | 17.195 |

| Vörunr. | Undirplast | Breidd (mm) | Þykkt (µm) | Lengd (m) | Magn á bretti | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2501090 | Undirplast BALETITE | 1380 | 16 | 2000 | 20 | 32.790 |
| 2501092 | Undirplast BALETITE | 1280 | 20 | 1650 | 20 | 31.280 |

| Vörunr. | Rúllunet | Breidd (cm) | Lengd (m) | Verð án vsk. |
|---|---|---|---|---|
| 2508033 | RúlluNet HVÍTT | 123 | 3300 | 29.865 |
| 2508060 | RúlluNet HVÍTT | 130 | 3000 | 28.090 |
| 2508061 | RúlluNet HVÍTT | 123 | 4200 | 37.400 |

| Vörunr. | Garn | Verð án vsk. |
|---|---|---|
| 2507030 | Rúllubindigarn 750 m/kg (2 rl) | 4.890 |
| 2507031 | Stórbaggaband 130 - 18 kg (2rl) | 9.000 |

| Vörunr. | Íblöndunarefni | Verð án vsk. |
|---|---|---|
| 9876 | Sil-all 4x4 eining f. 50 tn | 16.990 |
| 9877 | EcoCool eining f. 100 tn | 27.190 |
| 9878 | EcoSyl eining f. 100 tn | 24.590 |

| Vörunr. | Stæðuplast | Verð án vsk. |
|---|---|---|
| 2001064 | Stæðuplast 2 in 1 - 12 x 50m | 59.400 |
| 2501065 | Stæðuplast 2 in 1 - 14 x 50m | 64.000 |
| 2501078 | Stæðuplast 2 in 1 - 16 x 50m | 83.290 |


## EcoSyl
### íblöndunarefni

EcoCool
**Verð: 33.716**

EcoSyl
**Verð nú: 30.492**




ECOSYL™
For consistently better silage


Við áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur.

**FRÍR FLUTNINGUR EF PANTAÐ ER FYRIR 1. MAÍ 2023**

Ef pantaðar eru 10 rúllur eða fleiri.

Við erum með gott og öflugt flutningsnet sem flytur allar okkar vörur fljótt og örugglega heim á hlað til þín.



Við áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent- eða innsláttarvillur.

# ENDURUNNIÐ
## RÚLLUPLAST

- Umhverfisvænna
- Sama góða rúlluplastið
- Endurvinnanlegt að fullu
- Einstakur grár litur
- Vörn gegn UV geislum
- Þolir íslenska veðráttu






**30%**
**ENDURUNNIÐ**
RÚLLUPLAST

FB
FÓÐURBLANDAN
SiLOTiTE
SUSTANE™

# ÍSLENSKT FÓÐUR

## *FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ*



### Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% prótein-innihaldi, en hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt kjarnfóður, sem hentar vel með próteinsnauðu heyi. Frábær viðbót fyrir tví- og þrílembur, sem þurfa að mjólka vel eftir burð. Kraftmikið fóður.



### Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt kjarnfóður með 16% próteininnihaldi. Sauðfjárblanda inniheldur sojamjöl og repjumjöl úr jurtaríkinu. Hún hentar vel með meðalgóðum heyjum. Sauðfjárblanda inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum. Frábær alhliða blanda, sem hentar jafnt fyrir og eftir burð.



### Lambakögglar

Lambakögglar eru sérstaklega ætlaðir fyrir lömb með mjólkurgjöf. Lambakögglar stuðla að heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Lambakögglar innihalda heppilegt magn af steinefnum og vítamínum.

Lystugir 3 mm kögglar.



**Frír flutningur ef pantað er fyrir 30.000 kr. eða meira í vefverslun.**

Frír flutningur gildir fyrir póstnúmer 101-371 og 800-881

## SAUÐFJÁRSTAMPUR

Alhliða sauðfjárstampur - sérframleiddur fyrir íslenskt sauðfé

- Hagstætt hlutfall af kalsíum, magnesíum og fosfór.
- Hentar fyrir fé á öllum aldri, allan ársins hring.
- Uppfyllir steinefna-, snefilefna- og vítamínþarfir gripanna.




**Fjölbreytt úrval fyrir sauðburðinn -** Kíktu á úrvalið á www.fodur.is






## Mikið úrval af almennum girðingarvörum.

Hafið samband við söluráðgjafa eða starfsmenn í verslunum
Fóðublöndunnar og við gefum ykkur tilboð í girðingarvörur.

FÓÐURBLANDAN • KORNGARÐAR 12 • SÍMI: 570 9800 • WWW.FODUR.IS




# Fóður sem bændur þekkja!

Fóðurblandan framleiðir fóður fyrir nautgripi, fiðurfé, eldisfiska, hesta, kanínur, hunda, sauðfé og svín. Fóðrið er afrakstur stöðugra rannsókna og endurbóta, sem tryggir heilbrigði dýranna og eykur afurðir.

FÓÐURBLANDAN

**www.fodur.is**
**fodur@fodur.is**

**FB Reykjavík**
Korngarðar 12
570 9800

**FB Selfoss**
Austurvegur 64 a
570 9840

**FB Hvolsvöllur**
Duftþaksbraut 1
570 9850

**SENDUM UM ALLT LAND**